

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2026, þriðjudaginn 2. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Jónu Benný Kristjánsdóttur og Páli Kristjánssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2026:

Knattspyrnudeild Fram
gegn
Knattspyrnudeild Grindavíkur
og
Knattspyrnudeild Njarðvíkur

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I. Aðild:

Kærandi:
Knattspyrnudeild Fram

Kærði:
Knattspyrnudeild Grindavíkur
Knattspyrnudeild Njarðvíkur

Skrifstofu KSÍ barst kæra með tölvupósti frá kæranda kl. 17:59 þann 22. ágúst 2026 og var móttækin af skrifstofu KSÍ mánudaginn 24. ágúst s.á.

II. Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur Grindavíkur/Njarðvíkur og Fram í Bestu deild kvenna sem fór fram fimmtudaginn 20. ágúst 2026 og lauk með sigri Grindavíkur/Njarðvíkur, 4-0 verði dæmdur tapður af hálfu Grindavíkur/Njarðvíkur með markatölunni 0-3.

Til vara krefst kærandi að Grindavík/Njarðvík verði gert að greiða sekt til KSÍ.

Kærði krefst þess aðallega að kröfu um að leikurinn teljist tapður verði hafnað en fellst á, verði á annað borð talið að um brot á 9.6.1 sé að ræða, að því verði einvörðungu mætt með sektarákvörðun skv. 37.6. gr. reglugerðarinnar.

III. Málsatvik:

Mál þetta varðar leik Grindavíkur/Njarðvíkur (hér eftir G/N) gegn Fram sem fór fram í Bestu deild kvenna á JBÓ vellinum í Njarðvík þann 20. ágúst sl. Samkvæmt leikskýrslu var G/N með 9 varamenn í leiknum og aðeins einn varamann á 2. flokks aldri samkvæmt skilgreiningu reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót (20 ára á almanaksárinu og yngri). Samkvæmt kæru fengu bæði lið aðgang að leikskýrslu andstæðingsins 75 mínútum fyrir leik. Þá var G/N aðeins með 8 varamenn á

leikskýrslu. Þegar 63 mínútur voru til leiks hafði orðið breyting á og Emerson Jennings hafði verið bætt við leikskýrsluna sem varamanni. Leikmaðurinn er ekki á 2. flokks aldri. Leikurinn endaði með 4-0 sigri G/N og tvö markanna voru skoruð af leikmönnum sem komu inn á sem varamenn, þ.á.m. Emerson Jennings.

IV.

Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir kröfur sínar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Vísar kærandi til gr. 9.6.1 um hversu marga varamenn er heimilt að hafa í leikjum í Bestu deild kvenna. Kærandi kveður aðeins einn varamann G/N hafa uppfyllt skilyrði gr. 9.6.1 um að vera gjaldgengur í 2. aldursflokk félagsins og að liðinu hafi af þeim sökum verið óheimilt að skrá fleiri varamenn en 8.

Kærandi byggir á því að um hafi verið að ræða skýran ásetning til brotsins og að beita skuli reglu 1. mgr. gr. 36.3 sem kveður á um að ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt úr skuli liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3. Vísar kærandi til þess að kærði hafi upprunaleg verið með 8 varamenn skráða og í stað þess að leiðrétta leikskýrslu með því að annað hvort fækka varamönnum í 7 eða fjölga í 9 með leikmanni sem uppfyllir skilyrði gr. 9.6.1 hafi forráðamaður kærða ákveðið meðvitað rétt fyrir leik að stækka varamannabekkinn frekar með leikmanni sem uppfyllir ekki framangreinda reglu og að þessi leikmaður hafi komið inn á í leiknum og skorað mark. Kærandi kveður kærða hafa fyllt út leikskýrslu rangt af ásetningi, þrátt fyrir að hafa verið fullmeðvitaður um reglu gr. 9.6.1 í því skyni að stækka varamannabekk sinn og síðar nýtt sér það í leiknum.

Kærandi byggir jafnframt á því að með þessu hafi G/N mætt ólöglega skipað til leiks í skilningi 1. mgr. gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og samkvæmt reglunni skuli kærði teljast hafa tapað leiknum 0-3.

Um varakröfu sína vísar kærandi til gr. 37.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

V.

Málsástæður kærða:

Kærði greinir frá því í greinargerð sinni að upphaflega hafi Hayden Colson átt að vera í byrjunarliði og Hrafnhildur Salka Pálmadóttir, sem er gjaldgeng í 2. aldursflokk, á bekknum. Emersen Jennings átti að vera utan leikmannahóps vegna reglna um hámark fjölda leikmanna á leikskýrslu sem eru frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins. Kærði kveður breytingu hafa verið gerða á leiksskýrslu u.þ.b. klukkutíma fyrir leik í kjölfar meðferðar hjá sjúkráþjálfara félagsins. Við þessar fregnir segir kærði að breyting hafi verið gerð á leikskýrslu á þann veg að Hrafnhildur Salka kom inn í byrjunarliðið og Emersen Jennings var bætt við varamenn, enda hafi losnað sæti fyrir leikmann utan evrópska efnahagssvæðisins til að taka þátt í leiknum.

Kærði kveður þessa breytingu hafa verið gerða með aðstoð dómara leiksins rúmri klukkustund fyrir leik og breytingin hafi því verið gerð fyrir opnum tjöldum en ekki á laun eða eftir að leikur var hafinn. Þá bendir kærði á að Lily Anna Farkas hafi einnig verið skráð sem varamaður á leiksskýrslu þrátt fyrir meiðsl og ef leikskýrsla hefði verið endurskoðuð í heild þegar meiðsl Hayden komu upp þá hefði verið unnt að taka Lily af leiksskýrslu í stað Hayden en kærði kveður breytingarnar hafa verið unnar í flýti, undir tímapressu og samhliða öðrum verkefnum liðsstjórnar hafi þeim yfirsétt þetta. Kveður kærði engan ásetning hafa staðið til þess að brjóta gegn reglugerðum KSÍ heldur sé um að ræða mistök og gáleysi af hálfu liðsstjórnar.

Kærði byggir á gr. 37.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem er að finna sérstakt ákvæði um sekt vegna brota á gr. 9.6.1 en ef leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt úr skuli fara eftir gr. 36.3. Kærði vísar til þess að af orðalagi ákvæðisins megi ráða að tilgangurinn hafi verið sá að meginviðurlög við broti á gr. 9.6.1 skyldu vera sekt og að leikur teljist aðeins tapaður ef leikskýrsla hefur verið vísitandi ranglega fyllt út. Kærði hafnar túlkun kæranda á reglunum þess efnis að liðið teljist sjálfkrafa ólöglega skipað í skilningi gr. 36.1 og kveður slíka túlkun leiða til þess að ákvæði gr. 37.6 verði tilgangslaust og merkingarlaust.

Kærði byggir á því að samkvæmt gr. 36.3 sé forsenda þess að leikur teljist tapaður sé að leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt út. Vísar kærði til þess að ákvæðið tiltaki sem dæmi fölsun á nafni eða kennitölu þátttakanda og að það bendi til þess að ásetningur þurfi að standa til þess að blekkja eða leyna auðkenni eða stöðu leikmanns í því skyni að tefla honum fram með ólögmætum hætti. Kærði byggir á því að skilyrði þetta þurfi að sanna og í ljósi strangra viðurlaga beri að skýra ákvæðið þröngt. Með vísan til málsatvik kveður kærði ljóst að leikskýrsla hafi ekki verið vísitandi ranglega fyllt út.

Þá byggir kærði jafnframt á því að ákvæði gr. 36.1 um ólöglega skipað lið taki fyrst og fremst til tilvika þar sem leikmaður er óhlutgengur, t.d. vegna leikbanns, rangs aldursflokks eða skorts á keppnisleyfi, en ekki til tilvika þar sem leikmenn eru hlutgengir og með gilt keppnisleyfi, en töluleg skilyrði um samsetningu varamanna er ekki uppfyllt. Kærði byggir á því að reglugerðin geri ráð fyrir þessu með sérstöku ákvæði um viðurlög við slíku broti, þ.e. gr. 37.6, og að sú regla sé sérregla sem gangi frammar almennu ákvæði gr. 36.1. Kærði bendir á að allir leikmenn sem tóku þátt í leiknum hafi verið hlutgengir og með gild keppnisleyfi.

Að lokum fer kærði fram á það að ef sekt verði ákvörðuð þá verði hún í lægri mörkum þess sem er heimilt með vísan til þess að mistök hafi átt sér stað og að kærði hafi sýnt fulla samvinnu og gagnsæi við vinnslu málsins.

VI. Niðurstaða:

Ágreiningsefni þessa máls varðar einkum viðurlög þess að mæta til leiks með 9 varamenn þrátt fyrir að aðeins einn varamaður sé á 2. flokks aldri en einnig hvort leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega útfyllt. Ekki er ágreiningur um þá staðreynd að kærði var með 9 varamenn skráða á leiksskýrslu í leik G/N gegn Fram í Bestu deild kvenna og að aðeins einn þeirra hafi verið gjaldgengur í 2. aldursflokki. Aga- og úrskurðarnefnd telur ljóst að skilyrði gr. 9.6.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót hafi ekki verið uppfyllt en samkvæmt ákvæðinu er aðeins heimilt að vera með 9 varamenn á leiksskýrslu ef a.m.k. tveir varamanna eru gjaldgengir í 2. aldursflokki. Í gr. 37.6 er að finna sérstakt ákvæði um viðurlög þess að nýta sér heimild gr. 9.6.1, án þess að hafa a.m.k. tvo leikmenn á 2. flokks aldri þar á meðal:

„Lið, sem nýtir sér heimild skv. grein 9.6.1 til að skrá 9 varamenn á leiksskýrslu og a.m.k. tveir varamanna eru ekki gjaldgengir í 2. aldursflokki þá skal hlutaðeigandi félag sata sekt að upphæð allt að kr. 250.000,-. Sé um að ræða brot á grein 9.6.1. og leiksskýrsla hefur vísitandi verið ranglega fyllt út skal farið eftir grein 36.3.“

Ofangreint ákvæði er tvíþætt þar sem annars vegar er gert ráð fyrir sektum og hins vegar málsmeðferð eftir gr. 36.3 ef leikskýrsla hefur verið vísitandi ranglega fyllt út. Samkvæmt gr. 36.3 telst lið hafa tapað leik 0-3 ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda. Þegar regla gr. 9.6.1 var samþykkt á 79. ársþingi KSÍ bera gögn með sér að lagt hafi verið upp með að sekta félög vegna mistaka við útfyllingu leiksskýrslu en beita strangari viðurlögum ef slíkt væri gert vísitandi. Þetta má lesa bæði úr þinggerð 79. ársþings KSÍ og dreifibréfi nr. 4/2025.

Af öllu framangreindu er það mat nefndarinnar að til að breyting á úrslitum leikja komi til álita þurfi annað og meira að koma til en mistök við skýrslugerð. Þá metur nefndin orðalag gr. 36.1 með þeim hætti að til að lið teljist ólöglega skipað þurfi leikmaður sem hafði ekki heimild til að leika umræddan leik með félaginu að hafa tekið þátt. Kemur þar til skoðunar hlutgengi leikmanna, sbr. 3. og 7. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, og leikbönn samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Óumdeilt er að allir leikmenn kærða sem tóku þátt í umræddum leik hafa keppnisleyfi með G/N auk þess sem enginn þeirra var í leikbanni þegar leikurinn fór fram. Nefndin telur það leiða til þess að liðið hafi ekki verið ólöglega skipað í umræddum leik í skilningi gr. 36.1.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar er ekki unnt að slá því föstu út frá fyrirbyggjandi gögnum að skýrslan hafi verið vísitandi ranglega fyllt út. Við sönnunarmat á meintu vísitandi broti horfir nefndin m.a. til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021 og þess að nefndinni beri að gæta þess að sönnunarkröfur séu uppfylltar við mat á broti kærða. Nefndin þarf að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur (e. comfortable satisfaction) séu á að kærði hafi gerst brotlegur við gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Ljóst er að huglægt mat þess efnis hvort skýrsla sé vísitandi ranglega fyllt út getur verið snúið og að mati nefndarinnar birtist það m.a. í upptalningu ákvæðisins þar sem kemur fram að skýrsla geti t.d. verið vísitandi ranglega útfyllt þegar nafn eða kennitala er falsað, enda hægt að sanna deili á þeim sem raunverulega spilar leikinn með hlutlægum hætti.

Af fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum virðist óumdeilt hvaða leikmenn tóku þátt í leiknum og ekki hefur tekist sönnun um að fölsun eða blekkingu hafi verið beitt. Þá liggur fyrir að leikskýrslu var skilað eins og hún birtist í kerfum KSÍ og á vef KSÍ rúmum klukkutíma fyrir leik. Það eitt að breyting hafi átt sér stað frá því 75 mínútur voru til leiks og þar til 63 mínútur voru til leiks hefur að mati nefndarinnar ekki áhrif, enda kveða reglur KSÍ á um að skila skuli leikskýrslu á innri vef KSÍ í síðasta lagi 60 mínútum fyrir leik, sbr. gr. 9.7.1 reglugerðarinnar. Breytingar á leikskýrslu fyrir þann tíma eru þ.a.l. heimilar.

Að mati nefndarinnar liggur fyrir að reglur um útfyllingu leikskýrslu voru brotnar af hálfu kærða en nefndin telur ekki unnt að slá því föstu í ljósi atvika allra að þetta hafi verið með vilja gert eða í því skyni að blekkja andstæðing sinn. Samkvæmt gr. 37.1 er það framkvæmdastjóri KSÍ sem tekur ákvörðun um sektir vegna brota á gr. 9.6.1 og því skortir aga- og úrskurðarnefnd heimild til þess að úrskurða um sekt vegna brots kærða á greininni. Með vísan til alls framangreinds er kröfum kæranda hafnað.

VII.

Úrskurðarorð:

Úrslit úr leik Grindavík/Njarðvík gegn Fram sem fram fór á JBÓ vellinum í Njarðvík þann 20. ágúst 2026 skulu standa óhöggð.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Jóna Benný Kristjánsdóttir [sign]

Páll Kristjánsson [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir

með. Afrygjun mála frestar réttarábrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfskrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.